

Hvaða bók hefur fylgt þér lengst,
þú hefur lesið oftast eða haft mest áhrif á þig?


Síðbúið svar til Árna Bergmann

Í janúarmyrki fyrstu daga ársins 2006 bjó ég einn í galtómu húsi á Stórahauði í Bergen. Fjölskyldan ókomin, búslóðin aðeins beddi sem hægt var að troða í leigubíl og bók sem ég hafði fengið í jólagjöf, *Listin að lesa* eftir Árna Bergmann. Árni er mesti og mætasti bókmenntamaður sem ég þekki. Ég gleypiti bókina í mig, ætist upp og las hana aftur. Svo tók ég fram tölvuna og skrifaði Árna bréf, mér var nóg boðið. Nei Árni, fyrir mér eru bókmenntir ekki bara þessi stórkostlegu menningarafrek sem þú tínir til. Skáldverk eru aðeins einn angi bókmennta, helst skrifuð af þeim sem ekki hafa lifað neitt sem vert er að segja frá, né vita neitt sem aðra þyrstir að heyra. Svona var ég æstur. Bréfið týndist ósent.

Ég er alinn upp á hálfgerðu bókasafni, eins og heimili bók-hneigðs fólks voru í þá daga og fyrir mér voru bækurnar internetið. Lestur rekinn áfram af forvitni. Undraheimur tíbetkra munkna í bókinni *Þriðja augað* eða lygilegar hetjusögur sænska læknisins Axel Munthe í *Sagan um San Michele*. Meira að segja *Hæstaréttardómar* urðu æsispennandi eftir að maður náði tókum á atríðisorðaskránni. Barnabækurnar hlóðust líka smám saman upp í herberginu mínu. *Palli var einn í heiminum* starði árum saman á mig í stuttbuxum með sleikjó, ný bók af *Dagfinni dýralækni* á hverjum jólum eftir pöntun og síðar unglingsbækur, strákabækur í mínu tilfelli, æsispennandi og dularfullar samkvæmt bókarkápu. Og auðvitað *Tinni*. Lestur minn hélt áfram að vera hrærigrautur.

Galdur bókmenntanna er margvíslegur, en fyrir mér er það einfaldleikinn og tímavélin. Maður les dásamlegt fimbulfambið í *Dæggradvöl* Benediktis Gröndal

og finnst kallinn sitja í næsta stól eins og maður sem búið er að flá tímamann af. Skáldsagan býr yfir einlægni trúba-dorsins í einfaldleika sínum og lítil bók getur líka rúmað margra ára þælingar mikils spekingis, eins og bækur Georg Henrik von Wright *sýna*, til dæmis *Vetenskapan och förnuftet*. Hver sem er getur gert minningar sínar að stórkostlegri sögu, ef hann kann að skrifa eins og Frank McCourt í *Angelas Ashes* eða er jafn trúur viðfangsefninu og Kjartan Júlíusson bóndi á Skáldstöðum í *Reginffjöll*



að haustnóttum. Að ógleymdum alþýðufræðimönnunum sem gert hafa meistara- verk á borð við *Veðurfræði Eyfellingis* eftir Þórð Tómasson.

Þegar ég nú reyni að finna einhverja heildarmynd og skilja minn eigin bókmenntasmekk fæ ég þessa hugmynd: megnið af fagurbókmenntum sem ég þekki má rekja til nokkurra setninga í þeirri bók sem ekki að ósekju er kölluð bók bókanna. Þetta er frásögn *Fyrstu Mósebókar* af óhlýðni mannsins, brottrekstri Adams og Evu úr aldingaröinum. Það er ótrúlegt hvað hægt er að segja í nokkrum orðum. Við erum dauðleg og útskúfuð. Við erum moldin ein og berum óhlýðnina í blóðinu. Við erum dæmd til kvala og erfiðis og misréttið hefur Guð sjálfur fyrirskipað. Við sökum aðra um það sem er okkur að kenna og öllum á hatri til þeirra. Einn vanhugsaður munn-



Hans Jakob Beck
lungnalæknir

biti kostaði þetta, bitinn sem gerir okkur mennsk.

En bókmenntir eru sárabæturnar, mótleikur okkar gegn Guði. Það er eitt-hvert móteitur í sögum af okkur sjálfum, dauðlegum, breyskum og útskúfuðum. Við sökkvum okkur ofan í málafærslubækur, eins og allar sakamálasögur eru og hvað er *Njála* annað? Atvikalýsingar glæpa og síðleysis saga okkur að sér. Svo eru bækur sem horfa heimspeiklega á málið, eins og eitt af stórvirkjum bókmenntasögunnar, *Glæpur og refsing*.

Mætti ekki líka nefna *Sjálftætt fólk* sem útleggingu af brottrekst-arsögu bibliunnar? Nú hafa bæst við sögur af annars konar hetjum og óræðari, hinum smáðu og fyrirlitnu, oft skrifaðar af konum. Sumar svo kjarkaðir höfundar að leggja út af eigin lífi, eins og Ásta Sigurðardóttir í *Sunnudagskvöld til mánudagsmorguns* og Elísabet Jökulsdóttir í *Aprílsólarkuldi*.

Svona hefur bibliumenningin endalaust getið af sér sögur af baráttu góðs og ills, hatri og blindri ást í flárrí veröld. Í þessum fagurbókmenntum er allt leyft nema fegurðin.

Svo að þegar til kastanna kemur laumast ég aftur og aftur í ljóðabækurnar, kannski *Hauströkkrið yfir mér* eftir Hannes Pétursson, í leit að annars konar skynjun þar sem maður er hluti náttúrunnar, ekki brottkast. Þar sem lífið er gott í eðli sínu eins og í svipmyndum Jónasar Árnasonar í *Veternóttakyrur*. Nú langar mig að lesa nýja ljóðbók eftir Gyrði Elíasson á jólnóttina, Gyrðir er minn maður. Það er dásamlegt að lesa ljóð sem skilur ekkert eftir sig annað en gamla tjörulykt af húsi í örstutta stund.

Ég skora á Helgu Hansdóttur öldrunarlækni að segja sína bókmenntasögu.